




BYGGÐASTOFNUN

# NÝTT ÚTLIT BYGGÐASTOFNUNAR




# NÝTT ÚTLIT BYGGÐASTOFNUNAR

Hugmyndin að baki merkinu er sólarupprás. Geislar sólarinnar eru mislangir og vísa til uppbyggingar og/eða vaxtar sprotafyrirtækja sem eru mislangt á veg komin. Merkið vísar einnig lauslega (vísvitandi ekki of greinilega) í útlínur landsins.



# BYGGÐASTOFNUN

Þetta er hið eiginlega merki Byggðastofnunar.



Hér eru dæmi um þau litatilbrigði sem merkið getur staðið í.

Merkið getur staðið negatíft, þ.e. svart á hvítu eða hvítt á svörtu.

# LITASPJALD BYGGÐASTOFNUNAR

Aðallitir Byggðastofnunar eru Sólgulur og Næturlár. Það eru litirnir í merkinu.

Við höfum samt fleiri liti sem við getum notað. Þessa sex liti hér að neðan má nota í hvers kyns efni sem Byggðastofnun gefur út. Litagildin eru mismunandi eftir miðlum. **CMYK** gildin eru fyrir prentað efni og **RGB** gildin eru fyrir efni sem birtist á skjá.



**Sólgulur**  
PANTONE: 157C  
CMYK: 0, 50, 75, 0  
RGB: 230, 150, 70



**Næturlár**  
PANTONE: 445C/447U  
CMYK: 24, 0, 0, 80  
RGB: 65, 70, 75



PANTONE: 3248C  
CMYK: 60, 0, 35, 0  
RGB: 120, 190, 180



PANTONE: 265C  
CMYK: 60, 60, 20, 0  
RGB: 125, 100, 150



PANTONE: 374C  
CMYK: 35, 0, 70, 0  
RGB: 210, 230, 120



PANTONE: 603C  
CMYK: 10, 0, 75, 0  
RGB: 240, 235, 105



PANTONE: 178C  
CMYK: 0, 80, 60, 0  
RGB: 200, 90, 90



PANTONE: 7527C  
CMYK: 13, 13, 20, 0  
RGB: 225, 220, 205




# HVAÐ MÁ OG HVAD MÁ EKKI

Til að tryggja samræmi í útliti er gott að hafa eftirfarandi reglur í huga.

Það er auðvelt að missa marks með rangri notkun á útlitinu en mjög einfalt að kynna sér reglurnar sem tryggja að allt falli í ljúfa löð.

Ef einhverjar spurningar vakna eða efasemdir eru um notkun merkisins skal hafa samband við Hvíta húsið auglýsingastofu.



Í einstaka tilfellum stillum við sólinni upp einni og sér. Þá er gott að tileinka sér þá reglu að plássið í kringum sólina sé í það minnsta jafn breitt hringforminu í miðju hennar.

Þegar merkið stendur í heild sinni þarf fyrirfram ákveðið pláss sem þarf að vera utan um það, hálfgerð landhelgi. Við miðum við bilið á milli merkisins og nafnsins. Landhelgin í kringum merkið skal alltaf vera í það minnsta þrefalt það bil.

Merkið má **ekki** standa í öðrum litum en þeim sem valdir hafa verið og tilgreindir á blaðsíðu 4.

Letrið á **alltaf** að vera næturblátt nema þegar nota á merkið svart á hvítum fleti eða hvítt á svörtu.

Það má **alls ekki** teygja á merkinu á einn eða annan hátt.





Merkið má í heild sinni **ekki** sitja ofan á öðru myndefni.

Sólin úr merkinu má þó sitja ofan á myndefni. Þá gilda engar „landhelgisreglur“ um notkunina á sólinni.



# HVAÐA LETUR ER ÞETTA?

Letrið sem Byggðastofnun notar heitir Omnes. Nútímalegt og mjúkt.


Það sem einkennir letrið er mýkt. Við völdum það þar sem það passar vel við mýktina sem er í endum geislanna í merkinu.

Omnes var hannað af Joshua Darden með dyggri aðstoð frá Jesse Ragan, Thomas Jockin, Noam Berg og Scott Kellum.

## Er allt skrifað með Omnes?

Við leggjum til að allir starfsmenn noti letrið **Helvetica** í skrifuðu efni t.d. við almenn bréfaskrif og reikningagerð. Með þessu móti tryggjum við samræmi í útliti.

Merki Byggðastofnunar og önnur einkenni eiga þó alltaf að standa með **Omnes**.



Rauðu hringirnir benda á samsvörunina í mjúku línunum og hvernig letrið tengist merkinu.



Omnes regular

# SNIÐMÁT OG BRÉFAGÖGN

Sniðmátin eru til þess að auðvelda okkur að heildarútlit haldi sér.

## Forsíðusniðmát fyrir skýrslur

Þetta sniðmát má nota bæði fyrir vef og prent.

**Stærð:** A4

**Letur:** Omnes, Helvetica eða Arial

**Efri fyrirögn:**

20 pt með 21 pt línubili. Hástafir.

**Neðri fyrirögn:**


14 pt með 14 pt línubili

Línubil á undan: 7 pt

Efri fyrirögnina mætti nota fyrir heiti skýrslu og neðri fyrirögn fyrir viðbótarupplýsingar t.d. útgáfuár og höfunda. Ekki er nauðsynlegt að hafa neðri fyrirögn.

Skjalið á að vera þannig stillt að þessir hlutir gerist sjálfkrafa. Ef það virkar ekki þá má notast við þessar upplýsingar.

Þetta sniðmát er til í nokkrum litum en aðeins á gulum fleti er letrið í næturbláa litnum annars hvítt.



## Almennt bréfsefni—á auðan pappír

**Stærð:** A4

**Letur:** Helvetica eða Arial letur

**Heimilisfang og dagsetning:**

9 pt, einfalt línubil

**Inngangur fyrir meginmál :**

Bold letur, 9 pt, einfalt línubil


**Meginmál :**

9 pt, 1.5 línubil

Þetta sniðmát er hannað fyrir texta sem er meira en ein blaðsíða en það er þó ekkert því til fyrirstöðu að nota það bara fyrir eina síðu.

## Fyrirframrentuð bréfsefni

Sömu reglur gilda fyrir bréfsefnið sem er fyrirfram prentað. Þar er þó ekki gert ráð fyrir því að textinn spanni yfir meira en eina síðu.



## Nafnspjöld

**Stærð:** 85x55 mm

**Letur:** Notast skal við regular og light tilbrigði af Omnes.

Liturinn á merkinu á að vera sá sami og á bakhliðinni, þ.e. ef merkið er fjólublátt þá skal bakhliðin vera fjólublá, undantekningalaust. Nafn viðkomandi á einnig að vera í sama lit og merkið.

Allur annar texti (að undanskyldu textanum í merkinu) á að vera hreinn svartur fjórlitur (100k).

## Ljósmyndin

Ljósmyndin á alltaf að vera á hvítum bakgrunni og hvirfillinn má ekki fara upp fyrir efri brún textans í merkinu sjálfu.zzz



BYGGÐASTOFNUN

Ártorgi 1  
550 Sauðárkróki

Sími 455 54 00  
Fax 455 54 99

postur@byggdastofnun.is  
byggdastofnun.is

